

195. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

19. október kl. 8:30 á Austurvegi 56.

Mætt: Gunnar Egilsson, Ari Thorarensen, Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

1. Skoðunarferð á Kirkjuferjuháleigu

Stjórnin hóf fundinn á að skoða aðstæður á starfssvæði samlagsins að Kirkjuferjuháleigu.

2. Nýr urðunarstaður á Suðurlandi.

Svarbréf frá Rangárþingi eystra lagt fram. Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að málinu.

3. Verkefnisstjórn sorpsamlaganna á Suðvesturlandi.

Fundargerð frá 8. október lögð fram. Drög að reglum um meðferð og förgun sláturúrgangs kynnt og yfirfarin. Stjórn samþykkir að fresta afgreiðslu reglnanna meðan áhrif af reglugerðarbreytingu nr. 760/2010 eru metin.

4. Förgun ehf.

Málefni Förgunar kynnt.

5. Riða í Flóahreppi.

Málið kynnt.

6. Færanleg brennsla.

Stjórn telur mikilvægt að færanleg brennsla verði keypt til landsins. Formaður mun kynna málið á þingmannafundi sem haldinn verður 22. október.

7. Verkefnisstjórn um aukna hagsmunagæslu íslenskra sveitarfélaga á sviði úrgangsmála.

Fundargerð frá 6. október lögð fram og yfirfarin.

8. Metan.

Metanvirkjunarmöguleikar á Kirkjuferjuháleigu yfirfarnir.

9. Innsend bréf

Tölvupóstur frá Trausta á Kirkjuferjuháleigu – málið kynnt.

Rökstuðningur fyrir gjaldskrárhækkun SOS – bréf til Árborgar yfirfarið og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:50